

Minnisblað

Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Fuglavöktun á höfuðborgarsvæðinu


Fuglar eru góðir vísar á breytingar í umhverfi okkar því þeir endurspegla fljótt ástand þeirra vistkerfa sem þeir byggja afkomu sína á. Breytingar í fjölda einstaklinga og varpárangur tegunda frá ári til árs er hagkvæm og auðveld leið til að meta ástand og þróun ólíkra vistkerfa. Gildi langtímarannsókna er ótvírætt þegar kemur að slíkri vöktun þar sem breytingar vegna einstakra atburða getur reynst erfitt að sjá og útskýra nema með reglubundnum mælingum. Langtímarannsóknir ná að sama skapi best utan um meginatburði í þróun vistkerfa og einstakra stofna til lengri tíma litið.

Á Íslandi hafa verið skilgreind 121 svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg 81 tegund varp- og umferðafugla. Tvö þessara svæða þ.e. Álfanes (FG-V 2) og Blikastaðakró-Leiruvogur (FG-V 4), sem bæði falla undir flokk fjöru- og grunnsævisvæða, heyra undir fuglavöktun NSV á höfuðborgarsvæðinu. Önnur svæði fuglavöktunar NSV eru annað hvort friðlýst og/eða njóta mikilla vinsælda sem útivistarsvæði m.a. vegna fjölbreytts fuglalífs.

Framkvæmd 2021

Fuglatalningar voru framkvæmdar á friðlýstum svæðum og öðrum mikilvægum fuglasvæðum innan höfuðborgarsvæðisins með talningum að vori, síðsumars og að hausti (Tafla 1). Fyrsta ár eiginlegrar vöktunar var árið 2021. NSV og Náttúrufræðistofnun Íslands skiptu með sér vöktunarsvæðum. NSV sá um vöktun á eftirfarandi níu svæðum; Álfanesi, Blikastaðakró, Leiruvogi, Ástjörn, Urriðakotsvatni, Hvaleyrarvatni, Hvaleyrarlóni, Vífilstaðavatni og Vatnsmýri (1.mynd).

Vöktun var framkvæmd með beinum talningum af útsýnisstöðum. Svæðin voru skimuð með öflugum sjóntækjum af völdum útsýnisstöðum sem veittu góða yfirsýn yfir talningasvæðin. Bæði var notast við fjarsjá (x60) og sjónauka (8x42) við talningar. Tiltæk eyðublöð fuglavöktunar (1-5) voru notuð til viðmiðunar, en ekkert sérstakt eyðublað er tiltækt fyrir talningar á strandfuglum/farfuglum í *Handbók í aðferðafræði vöktunar náttúruverndarsvæða*. Talningar á strandfuglum fór fram á fjöru. Svæðin er mjög breytileg að umfangi og er Álfanes þeirra langstærst. Álfanes er jafnframt eina vöktunarsvæðið þar sem áhersla vöktunar er á alla flokka, þ.e. strand-, far- og vatnafugla. Var þetta eina svæðið sem skipta þurfti upp í mörg smærri talningarsvæði sökum umfangs (2. mynd). Vöktunartímabil NSV hófst í apríl og lauk í október (Tafla 2). Öll gögn fuglavöktunar NSV fyrir árið 2021 hafa verið færð inn í gagnagrunn vöktunar náttúruverndarsvæða.



1. mynd. Fuglatalningasvæðin á höfuðborgarsvæðinu sem NSV sá um vöktun á (græn) og NÍ (rauð) árið 2021.

Tafla 1. Vöktunarsvæði NSV á höfuðborgarsvæðinu, áhersla og fjöldi vaktana eftir árstíðum á hverju svæði.

Svæði	Áhersla vöktunar	Fjöldi vaktana		
		Vor	Sumar	Haust
Leiruvogur	Strandfuglar/farfuglar	4	2	2
Blikastaðakró	Strandfuglar/farfuglar	*	2	2
Hvaleyrarlón	Strandfuglar/farfuglar	4	2	2
Álfanes	Strandfuglar/farfuglar/vatnafuglar	4	2	2
Ástjörn	Vatnafuglar	1	3	
Hvaleyrarvatn	Vatnafuglar	4	1	
Urriðakotsvatn	Vatnafuglar	2	3	
Vífilstaðavatn	Vatnafuglar	3	3	
Vatnsmýrin	Vatnafuglar	3	3	

* Gleymdist að setja inn í áætlun og kom því ekki til vöktunar, hefði átt að vera talið 4 sinnum að vori 2021.

Ástandsmat og frumniðurstöður


Gögn hafa ekki verið tekin saman en eru aðgengileg í gagnagrunn vöktunar náttúruverndarsvæða.

Tillögur að áframhaldandi vöktun:

Óbreytt árleg vöktun er talin brýn.

Tafla 2. Yfirlit yfir fuglatalningar NSV á höfuðborgarsvæðinu árið 2021.

Dagsetning	Árstími	Starfsmenn	Leiruvogur	Blikastaðakró	Hvaleyrarlón	Álftanes	Ástjörn	Hvaleyrarvatn	Urriðakotsvatn	Vífilstaðavatn	Vatnsnýrin
20.4.2021	Vor	SG			X			X			
21.4.2021		SG	X			X					
4.5.2021		SG	X								
7.5.2021		SG			X			X	X		
11.5.2021		SG				X				X	X
13.5.2021		SG			X			X			
14.5.2021		G					X				
16.5.2021		SG							X	X	X
18.5.2021		SG	X			X					
20.5.2021		SG			X			X			
27.05.2021		SG				X					
23.6.2021	Sumar	SG				X	X		X	X	X
26.7.2021		ÓPJ			X			X	X	X	
27.7.2021		ÓPJ	X	X		X	X				
28.7.2021		ÓPJ				X					
29.7.2021		ÓPJ									X
16.8.2021		SJS					X		X	X	X
18.8.2021		ÓPJ, SJS				X					
19.8.2021		ÓPJ, SJS				X					
20.8.2021		ÓPJ, SJS	X	X							
24.08.2021		ÓPJ, SJS			X	X		X			
22.9.2021	Haust	ÓPJ	X	X							
24.9.2021		ÓPJ, SJS			X	X					
11.10.2021		ÓPJ, SJS			X	X					
13.10.2021		ÓPJ		X							
15.10.2021		ÓPJ	X								



2. mynd. Skipting fuglatalningasvæða á Álftanesi árið 2021.